Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 12. janúar 2016

Efni: Frumvarp til laga um húsnæðisbætur – 407. mál

Vísað er til tölvubréfs dags. 21. desember 2015 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar um ofangreint lagafrumvarp.

Tryggingastofnun vill í upphafi vekja athygli á að sl. sumar var stofnuninni falið af Velferðarráðuneytinu að hefja undirbúning á því að sjá um meðferð á húsnæðisbótum enda var stofnuninni falin framkvæmdin skv. fyrra frumvarpi til umræddra laga er lagt var fram á Alþingi á 144. löggjafarþingi 2014-2015 í máli 788. Sá undirbúningur hófst strax með greiningu í júlí/ágúst og útfærslu í tölvukerfum stofnunarinnar í september og er umsóknarferlið að verða tilbúið. Þá ber einnig að vísa til þess að stofnunin býr nú þegar yfir mikilli þekkingu og reynslu þegar kemur að greiðslu bóta, endurreikningi, uppgjöri og eftirliti auk þess sem hluti viðskiptavina stofnunarinnar myndi eiga rétt á húsnæðisbótum. Verkefnið fellur vel að núverandi verkefnum stofnunarinnar ásamt hlutverki hennar og telur stofnunin sig því vel til þess fallna að vera framkvæmdaraðili húsnæðisbóta.

Tryggingastofnun vill koma á framfæri nokkrum athugasemdum við einstaka greinar frumvarpsins.

Í 7. tl. 3. gr. frumvarpsins þyrfti að koma skýrara fram hvað felist í orðalaginu *„tiltölulega skammur tími"* í skilningi frumvarpsins. Æskilegt er að þessu hugtaki væri markaður hámarkstími. Hið sama gildir um einstök ákvæði 10. gr. frumvarpsins en þó sérstaklega b.-liðar.

Í b. lið 9. gr. er það skilyrði sett að um þinglýstan leigusamning sé að ræða. Tryggingastofnun vill varpa fram þeirri spurningu hvort þinglýsing sé nauðsynleg þar sem að þinglýsing leigusamnings kallar á fyrirhöfn umsækjenda svo og skapar töluverða vinnu fyrir framkvæmdaaðila og er auk þess kostnaðarsöm.

Tryggingastofnun telur mikilvægt að afgreiðsla umsókna verði eins rafræn og unnt er til þess að hægt sé að tryggja góða framkvæmd og stuðla að hagkvæmni. Æskilegt væri að tekinn væri af allur vafi um að framkvæmdaraðili geti haft alla meðferð umsókna á rafrænu formi. Í þessu samhengi væri m.a. æskilegt að breyta 13. gr. frumvarpsins í þá veru.

Tryggingastofnun ríkisins
Laugavegi 114
105 Reykjavík
Sími: 560 4400
Bréfsími: 560 4451
tr.is

Í 17. gr. kemur fram að þær tekjur teljist eingöngu með sem koma til á tímabili umsóknar. Rétt er að vekja athygli á því að ákvæðið virðist með þessu bjóða upp á þann möguleika að umsækjandi gæti eingöngu sótt um húsnæðisbætur á því tímabili sem að hann er tekjulítill, eða tekjulaus, en ekki sótt um vegna þeirra mánaða sem hann hefur verulegar tekjur, jafnvel þó að húsaleigusamningur sé í gildi allt tímabilið, má t.d. nefna námsmann sem sinnir sumarstarfi.

Í 3. mgr. 21. gr. er kveðið á um að húsnæðisbætur greiðist ekki mánaðarlega sé útreiknuð fjárhæð þeirra lægri en 1.000 kr. á mánuði, heldur skuli greiða fjárhæðina í eingreiðslu sem fer fram í desember á tekjuárinu. Tryggingastofnun telur eðlilegt að þessi eingreiðsla fari fram á sama tíma og endurreikningur sem kveðið er á um í 2. mgr. 25. gr. þegar endanlegar upplýsingar um eignir og tekju almanaksársins liggi fyrir skv. skattframtali, sem er þá um mitt næsta ár.

Í 4. mgr. 21. gr. er framkvæmdaraðila heimilt að greiða húsnæðisbætur til leigusala skv. skriflegri beiðni umsækjanda. Tryggingastofnun telur að eðlilegt væri að binda heimildina við húsnæði í eigu sveitarfélaga eða jafnvel lögaðila.

Tryggingastofnun leggur til að 1. mgr. 22. gr. frumvarpsins verði umorðuð þannig að greinin sé í samræmi við orðalag 14. gr. frumvarpsins. Stofnunin leggur til að orðalagið verði eftirfarandi: „*Verði heimilismaður 18 ára á því tímabili sem greiddar eru húsnæðisbætur skal hann veita framkvæmdaraðila samþykki sitt fyrir öflun nauðsynlegra gagna skv. 2. mgr. 14. gr. þegar hann verður 18 ára*".

Í 7. kafla frumvarpsins er kveðið á um eftirlit með framkvæmd þess. Í 23. gr. frumvarpsins kemur m.a. fram að framkvæmdaraðili skuli reglubundið sannreyna þær upplýsingar sem ákvörðun um rétt til húsnæðisbóta byggist á. Tryggingastofnun vill vekja athygli á að erfitt er að sannreyna upplýsingar um heimilismenn í íbúðum í fjölbýlishúsum þar sem Þjóðskrá skráir ekki íbúa í tilteknar íbúðir. Til þess að tryggja góða framkvæmd og eftirlit þyrfti slík opinber skráning að vera fyrir hendi.

Virðingarfyllst,

Huld Magnúsdóttir
Forstjóri

Tryggingastofnun ríkisins
Laugavegi 114
105 Reykjavík
Sími: 560 4400
Bréfsími: 560 4451
tr.is